Fyrstu skref Stellu

Kvikmyndin Stella í orlofi tók fyrstu skrefin í Austurbæjarbíói með frumsýningu síðastliðinn laugardag. Þar var hlegið hátt að viðbrögðum hinnar jákvæðu Stellu sem, eins og allar aðrar sómakærar húsmæður og eiginkonur, bjargar eiginmanninum úr aðsteðjandi vanda með lofsverðu snarræði.

Ekki reynist hún drykkjusjúkum Svía síðri haukur í horni og leysir öll hans vandamál með nýjum en jafnframt árangursríkum aðferðum. Meðfylgjandi myndir sýna aðstandendur Stellu og frumsýningargesti – þeir síðarnefndu klöppuðu fyrrnefndum hressilega lof í lófa að sýningu lokinni.



„Ég ætlaði alltaf að læra myndlist – allt frá unglingsárunum – en var bara svo lengi að finna því farveg."
DV-mynd KAE

Guðrún Kristjánsdóttir:

Listamaður, hjúkrunarkona og bóndi

Á Kjarvalsstöðum heldur Guðrún Kristjánsdóttir myndlistarmaður þessa dagana sína fyrstu einkasýningu. Fyrir utan myndlistarmenntun hérna heima og erlendis er hún einnig lærð hjúkrunarkona. Guðrún hlær hressilega þegar hún er spurð hvers vegna lífið innan spítalaveggja endurspeglist ekki í verkunum heldur komi þar fram rammíslenskt sveitaþema – svo sem gras og þúfur.

„Reyndar hef ég nú verið bóndi líka því við hjónin vorum á Grímsstöðum á Fjöllum árin '80 og '81. Hjúkrunarkona hef ég hins vegar verið frá '71 og alltaf unnið við það af og til, í Neskaupstað, Geðdeild Borgarspítalans og sem deildarhjúkrunarkona Hvíta bandsins. Það síðastnefnda fannst mér mjög gott – kannski vegna þess að ég er svo stjórnsöm."

Alltaf á leiðinni

„Myndlist ætlaði ég alltaf að læra, alveg frá unglingsárunum, en var bara svo lengi að finna því farveg. Fannst ég þurfa einhverja menntun til þess að geta unnið fyrir mér og ímyndaði mér að hjúkrun gæti að auki tengst ferðalögum. En þetta varð lengri leið en til stóð í upphafi, eldri systir mín fór hins vegar beint í listnám – Ásrún Kristjánsdóttir – og vinnur að því ennþá.

Mér líkaði mjög vel í hjúkrunarstarfinu en draumurinn blundaði alltaf í mér. Rétt eftir tvítugt eignaðist ég svo tvö börn á sitt hvoru árinu og dreif mig út til Frakklands í myndlistarnám þegar þau stálpuðust – maðurinn minn kom með og sá um börnin á meðan ég var í skólanum.

Menn spurðu nú hvað ég væri að vilja út, hvort ég gæti ekki lært hérna heima. En einhvern veginn fannst mér að það yrðu að vera einhver alger og afgerandi skil þessu samfara. Því fórum við til Aix-en-Provence og vorum þar í tvö ár."

Últíma og Ítalía

Það sem vakti með Guðrúnu í upphafi áhugann á myndlistinni telur hún einkum vera tvennt – áhrif frá föður sínum, Kristjáni í Últímu, og Ítalíudvöl á unglingsárunum.

„Pabbi málaði sjálfur og fór með okkur systurnar á sýningar – jafnvel á hverjum sunnudegi. Þannig að ég er alin upp við myndlistaráhuga. Og þegar ég var sextán ára fór ég sem barnfóstra til Genúa á Ítalíu. Þar var ég mikið á söfnum og fannst Ítalía mitt land. Núna er ég ekki í nokkrum vafa um að það kveikti líka með manni listáhugann."

Óviðbúin sölunni

Sýningunni á Kjarvalsstöðum er óhætt að segja að hafi verið vel tekið og nú eru rúmlega tveir þriðju myndanna þegar seldir.

„Jú, ég verð að játa að ég var alveg óviðbúin þessari góðu sölu. Það er svo dýrt að halda svona sýningu – kostar hátt á annað hundrað þúsund. Í þeirri tölu er ekki reiknað með öllum efniskostnaði, að maður tali nú ekki um eigin vinnu.

Því var ég búin að gera ráð fyrir að þurfa að fara að vinna í hjúkruninni strax að sýningu lokinni en salan núna gerir mér kleift að halda áfram í myndlistinni."

-baj

fyrsta barni sínu og fram að þessu hafði allt gengið eins og í sögu. Ennþá höfðu þau ekki látið verða af því að giftast vegna þess að Odette vildi bíða þar til barnið væri fætt og hún búin að jafna sig nokkuð eftir barnsburðinn. Úrskurður læknanna um að ekki væri til neins að reyna að bjarga lífi konunnar var reiðarslag fyrir Derrick og nú var einungis eftir að ákveða hvort taka skyldi vélarnar sem héldu líkamanum ennþá í gangi úr sambandi eða reyna að bjarga lífi hins ófædda barns.

„Það er allt í lagi með hana ennþá," sagði læknirinn við Derrick þar sem hann stóð við rúmið og strauk yfir kvið unnustunnar sem nú var raunverulega ekki lengur á lífi. Þá vissi Derrick að ófætt afkvæmi þeirra var dóttir.

Enginn vafi lék á því sem gera skyldi í huga hins verðandi föður – barninu yrði að bjarga með öllum tiltækum ráðum. Því var það reiðarslag þegar foreldrar Odette voru ekki á sama máli. Þau kröfðust þess að slökkt yrði á vélunum því engin leið væri fyrir þau á gamals aldri að hugsa um barnabarn. Lagalega höfðu þau valdið því Derrick og Odette bjuggu saman í óvígðri sambúð.

Barátta við kerfið tók nú við með aðstoð hinna ýmsu lögfræðinga. Það náðist að dæma honum réttinn yfir lífi barnsins síns þremur mínútum áður en slökkva skyldi á vélunum sem héldu líkama móðurinnar gangandi.

Það var stoltur faðir sem hélt dóttur sinni Michele Marie Odette í fanginu fyrsta sinni. Hún var tekin með keisaraskurði og reyndist fagurskapuð og fíngerð með stór brún augu móður sinnar.

„Þegar ég kyssti hana í fyrsta skipti vissi ég að þetta var það eina rétta fyrir okkur bæði," sagði Derrick klökkur. „Og ég gat líka kvatt Odette með góðri samvisku, kysst hana líka og hvíslað að ég hefði gert það sem hún vildi að ég gerði þegar hennar nyti ekki lengur við."

Ólyginn sagði. . .



Dustin Hoffman

fór með frænku sína Blanche Salter á frumsýningu nýju myndarinnar hans Romans Polanski – Pirates. Þetta var í Beverly Hills og á þeim slóðum fer maður ekki út með frænkurnar dressaður eins og hver annar óuppdreginn dóni. Leikarinn frægi dró fram sína fegurstu hitabeltisskyrtu og mætti á staðinn sléttgreiddur og glampandiglæsilegur. Áhugamönnum til frekari fróðleiks skal þess getið að áðurnefnd skyrta er himinblá með hvítum jurtamyndum.



Bette Midler

er rúmlega fertug og hefur miklar áhyggjur af barninu sem hún gengur með þessa mánuðina. Þegar stjarnan átti að fara í sónar tók þó steininn úr – hún harðneitaði að mæta og snéri sér beint til næsta miðils í henni Hollí. Eftir að sá skyggni hafði fullvissað Betty um ágætt ástand hins ófædda erfingja hlaut sónarinn náð fyrir augum songkonunnar. Niðurstöðum úr sónarnum og hugaræfingum miðilsins bar saman í öllum atriðum og alælir bíða fæðingarinnar heldur hressari fyrir bragðið.



Liz Taylor

komst engan veginn í uppáhaldskjólinn sinn þegar hún kom heim úr sumarleyfinu og varð óð af bræði. Allt var þetta að hennar áliti þjónaliðinu að kenna sem dreifir alls kyns fitufæðu um húsið þannig að leikkonan fellur fyrir freistingunum í öðru hverju skrefi. Núna er veislunni lokið og viljirðu vera í þjónustu kerlu er ekkert undanfæri – annaðhvort ertu í megrun eða atvinnuleysið er óumflýjanlega næsta skrefið.